

## II. NOTKUN BREYTILEGRA UMFERÐARMERKJA

### 1. gr. *Almennt*

Breytileg umferðarmerki eru ljósaskilti eða flettimerki með breytilegum táknum eða texta til upplýsingar, leiðbeiningar eða stjórnunar umferðar. Umferðarmerki sem birt eru á breytilegu skilti hafa sama gildi og samsvarandi hefðbundin umferðarmerki.

Breytilegt umferðarmerki er eingöngu heimilt að nota við aðstæður þar sem fer betur að veita réttar og uppfærðar upplýsingar með breytilegu merki heldur en hefðbundnu umferðarmerki. Breytilegt umferðarmerki skal að öðru leyti notað í samræmi við reglur um notkun viðkomandi umferðarmerkis.

Efni breytilegra umferðarmerkja má ekki vera í ósamræmi við hefðbundin umferðarmerki á vegarkafla. Breytilegt ljósaskilti í hvíldarstöðu skal vera alveg svart.

Vegagerðin að höfðu samráði við Samgöngustofu getur heimilað að önnur merki séu notuð sem breytileg umferðarmerki.

### 2. gr. *Tæknilegar kröfur*

Texti og tákn á breytilegum merkjum skal vera stöðugur og má ekki vera á hreyfingu eða taka tíðum breytingum. Tryggja þarf að texti og tákn á breytilegu ljósaskilti sé ekki ruglað saman við samsvarandi upplýsingar á hefðbundnu eða blikkandi merki.

Breytileg umferðarmerki sem gefa frá sér ljós mega ekki skerða sýnileika hefðbundinna umferðarmerkja.

Breytileg ljósaskilti skulu hafa sjálfvirka stillingu á ljóma miðað við birtu umhverfis eins og sýnt er í töflu 1 og 2. Aðeins má lýsa undirskilti ef yfirskilti er upplýst.

Ef vegvísir er útfærður sem breytileg umferðarmerki skal fastur hluti merkisins hafa sama lit og hefðbundinn vegvísir.

### 3. gr. *Vöktun og skjölun*

Á vegum þar sem leyfilegur hámarkshraði er 90 km/klst. eða hærri, skal virkni breytilegra umferðarmerkja vera vöktuð allan sólarhringinn.

Veghaldari skal halda skrá yfir stöðu breytilegs bannmerkis sem sýnt getur fram á hvenær bann hafi verið í gildi a.m.k. ár aftur í tímann.

### 4. gr. *Breytileg textamerki*

Þar sem breytilegt textamerki er notað þarf að horfa til annarra umferðarmerkja sem eru til staðar til að tryggja heildarsamhengi í upplýsingagjöf.

Breytilegt textamerki skal ekki birta fleiri en fjórar línur af texta.

Texti á breytilegu ljósaskilti skal vera hvítur á svörtum bakgrunni. Í sérstökum tilvikum s.s. til að vekja athygli á sérstakri hættu má hafa hluta textans rauðan.

Texti á breytilegu textamerki sem varar við aðstæðum í beinu framhaldi af merkinu, skal birtur í þessari röð:

1. Lýsing á hættu eða atviki.
2. Staðsetning.
3. Leiðbeining til vegfaranda.

Texti á breytilegu textamerki sem varar við aðstæðum með nokkrum fyrirvara eða á öðrum vegi, skal birtur í þessari röð:

1. Staðsetning.
2. Lýsing á hættu eða atviki.
3. Leiðbeining til vegfaranda.

Einungis má nota eftirfarandi viðvörðunarkerki með breytilegu textamerki og skal viðvörðunarkerkið staðsett vinstra megin við textann: *110 Vegavinna, 149 Umferðartafir, 152 Svíptivindur, 153 Sly, 156 Önnur hætta.*

Upplýsingar um ferðatíma ökumanna skal tilgreina á textamerki sem aksturstíma í mínútum til vel skilgreindra staða á vegarköflum, t.d. við útaksturleið. Birtur ferðatími skal virða hraðatakörk á leiðinni.

## Ljóni og birtustig breytilegra ljósaskilta

Tafla 1. Hæsti ljósstyrkur af fleti í tiltekna átt (ljóni, cd/m<sup>2</sup>).

Birtustig framhluta merkis	Ljóni litaflata á merkjafleti framhluta skiltis					
	hvítur	hvítur/gulur	gulur	grænn	rauður	blár
40 000 lx	31 100	26 350	18 600	9 300	7 750	3 100
4 000 lx	11 000	9 350	6 600	3 300	2 750	1 100
400 lx	3 000	2 550	1 800	900	750	300
40 lx	1 250	1 065	750	375	315	125
≤ 4 lx	375	320	225	115	95	37,5

Tafla 2. Lægsti ljósstyrkur af fleti í tiltekna átt (ljóni, cd/m<sup>2</sup>).

Birtustig framhluta merkis	Ljóni litaflata á merkjafleti framhluta skiltis					
	hvítur	hvítur/gulur	gulur	grænn	rauður	blár
40 000 lx	6 200	5 270	3 720	1 860	1 550	620
4 000 lx	1 100	935	660	330	275	110
400 lx	300	255	180	90	75	30
40 lx	200	170	120	60	50	20
≤ 4 lx	60	51	36	18	15	6

Dæmi um texta á breytileg merki

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umferðarslys, 5 km, notið hægri akrein.</li> <li>• Umferðarslys, framundan, notið hægri akrein.</li> <li>• Umferðarslys 5 km, vegur lokaður.</li> <li>• Ökutæki stopp framundan, sýnið aðgát.</li> <li>• Vegur lokaður.</li> <li>• Umferðartafir.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skemmdir í slitlagi, sýnið aðgát.</li> <li>• Vegavinna.</li> <li>• Vindhviður.</li> <li>• Háll vegur.</li> <li>• Þoka.</li> </ul>
---	--